

Komdu og gerðu tilraunir með símanum þínum. Prófaðu okkar hugmyndir, bættu við þínum og reyndu að fylla inn í "aðferða töfluna", og mundu - að það má læra margt af því að gera mistök sem jafnvel geta verið góð skemmtun!

HVAÐA VIRKNI ERU BÚIN TIL ÞEGAR...	ÞAÐ MUN HAFNA ÞESSA VIRKNI...
Ég tek upp í gegnum plastpoka	Eins og ég sé að taka upp í þoku
	Eins og allt hafi breyst í blátt
Ég lýsi vasaljósi hornrétt í myndavélina	
	Eins og fiskiauga
Ég tek upp í gegnum gler sólgleraugna	
Ég úða á spegil og tek upp spegilmyndir sem ég sé í honum	
Ég tek upp í gegnum krukku af súrum gúrkum	

\*Frægi kvikmyndaleikstjórinn Steven Soderberg tók upp kvikmyndina High Flying Birds eingöngu á símann sinn árið 2019.

Vasulka Kitchen Brno  
Center for New Media Arts  
vasulkakitchen.org  
info@vasulkakitchen.org

VAŠULKA  
KITCHEN  
BRNO

Listasafn Arnésinga  
listasafnarnesinga.is  
listasafn@listasafnarnesinga.is

LISTASAFN  
ARNESINGA

House of Arts Brno  
www.dum-umeni.cz  
info@dum-umeni.cz

Dům umění města Brna  
House of Arts Brno

Styrkt af menningarmálaráðuneyti og Brno borgar í Tékklandi, Thoma Foundation, Uppbyggingasjóði Suðurlands og Safnaráði Íslands.

MINISTRY OF CULTURE  
CZECH REPUBLIC

B | R | N | O |

thoma  
FOUNDATION

BERG  
CONTEMPORARY  
ARTS

SAFNARÁÐ  
The Museum Council of Iceland

SÓKNARÁÆTLUN  
SUBURLANDS

Viltu skoða nokkur skapandi og kannski svolítið óvenjuleg forrit? Prófaðu til dæmis þessi:

PRTCL

synthPond

Record Makers

Blek

JD Reflect

Satromizer

abcdefghijklmnopqrstuvwxy

Glory Math

HumOn

Hefurð áhuga á rafrænni list? Hefuru áhuga á að læra um hana? Hér eru ýmsar ábendingar fyrir framhaldsnám sem þú gætir haft áhuga á:

Listaháskóli Íslands

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Tækniskólinn

Menntaskólinn á Tröllaskaga

Menntaskólinn við Hamrahlöð

Menntaskólinn í Kópavogi

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Menntaskólinn á Egilsstöðum

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Iðnskólinn í Hafnarfirði

Verkmenntaskólinn á Akureyri

Borgarholtsskóli

Myndlistaskólinn á Akureyri


Kvikmyndaskóli Íslands

Romana Horáková, Lenka Trantírková, Grafísk hönnun eftir Lucia Kolesárová, Ljósmyndir eftir Lenka Trantírková, myndskreytingar eftir Romana Horáková, 2020

## Hvað er stafrænt og hvað er hliðrænt?

### Myndband x Kvikmynd

Þú gætir vitað að kvikmynd var sett upp í kvikmyndahúsi á stórrí spólu. Þannig var hliðræn kvikmynd búin til. Myndband, sem var format upphaflega búin til fyrir sjónvarpsupptökur, gat einnig tekið upp stafrænar hreyfimyndir. Upptökunni var breytt í gögn og merki sem er miklu auðveldara að breyta og hagræða með mismunandi hætti. Orðið "kvikmynd" getur þýtt ákveðið verk, eins og kvikmyndin Kolya, en merking þess gæti líka þýtt ein sem leið að taka upp hreyfimynd.



### VÍDEÓ LIST


Vídeólist er listastefna sem notast við video og hljóð gögn/efni. Það var upphaflega búin til á undirstöðuatriðum hliðrænnar upptöku, en með tímanum og tæknipróun hefur það breyst yfir í stafrænt form. Hægt er að hugsa sér vídeólistastýringu á sjónvarpsskjám, gallerí myndvarpa eða jafnvel á símaskjá.

Hefur þú einhvern tímann séð vídeó á Youtube sem þér finnst hafa listræna eiginleika? Myndir þú kalla það vídeólist? Reyndu að ímynda þér hvaða merkingu orðið "listrænn eiginleiki" hefur fyrir þig -



### PORTA-PAK

Er heiti á fyrstu flytjanlegu og batteríknúnu video vélinni sem kom á markaðinn frá Sony árið 1967. Tæki sem komu á undan voru stórar og þungar sjónvarps upptökuvélar sem voru fókdyrar. Þar sem Porta-Pak vélin var á viðráðanlega verði, varð upptökutækni aðgengilegri fyrir fjölda fólks og video list hóf sig til flugs. \*Steina og Woody eignuðust Porta-Pak árið 1969.




### ANALOG x DIGITAL

Það eru fjölbreyttar leiðir til að taka upp hreyfimyndir í tilviki video tækninnar. Hliðræn upptökuvél er eldri, hún breytir mynd í hliðræn merki og geymir það á segulbandi. Með þessum hætti er m.a. vídeó búin til á VHS spólu. Stafræn myndavél er nýlegri og hún breytir myndum í stafræn merki og geymir upplýsingarnar m.a. minnskorti t.d. Þú átt líklega stafræna myndavél sjálf/ur sem þú geymir í vasanum þínum... jú alveg rétt, hún er falin í símanum þínum.

### GERÐU EITTHVAÐ

Til að búa til eða laga eitthvað heima hjá þér með því að nota hugmyndaflugið þýðir einfaldlega - að fikta.



MINISTRY OF CULTURE  
CZECH REPUBLIC

B | R | N | O |

thoma  
FOUNDATION

BERG  
CONTEMPORARY  
ARTS

SAFNARÁÐ  
The Museum Council of Iceland

SÓKNARÁÆTLUN  
SUBURLANDS

Steina Vasulka var fædd 1940 í Reykjavík, Íslandi. Bohuslav Woody Vasulka var fæddur 1937 í Brno.

Vasulka hjóninn hittust fyrst í Prag á meðan þau voru í námi. Woody lærði kvikmyndun, Steina lærði á fíðlu. Þau giftu sig svo 1960 og fluttu til New York fimm árum seinna.



## The Kitchen

1971 með stofnuðu þau *The Kitchen*, leikhús rafrænna miðla í fyrrverandi hótél eldhúsi í Greenwich Village í New York. Þetta skapaði sjálfstætt rými fyrir listrænar tilraunir af öllum toga. Aðaláhersla Vasulka hjónanna var á rafræna miðla. Þau hittu fjölbreyttan hóp af listamönnum og veittu þeim griðarstað með því að lána þeim tæki eða leyfa þeim að setja upp sýningar. *The Kitchen* sem er núna á öðrum stað er ennþá í gangi. Þú getur skoðað núverandi dagskrá hjá þeim á þessum hlekk: [thekitchen.org](http://thekitchen.org)

Það má nefna að eitt af fyrstu tónleikunum sem voru haldnir í *The Kitchen* voru með hljómsveitinni frægu Beastie Boys... flettu þeim upp!

## Samstarf


Samstarf var nauðsynlegt fyrir Vasulka hjónin. Ekki bara með hvort öðru heldur með öðrum listamönnum, oft vinum líka. "Fiktið" þeirra, sem vanalega fór fram heima hjá þeim bauð upp á rými til að deila hugmyndum. Þau litu ekki á sig sem listamenn í hefðbundnum skilningi og því gátu því viðhaldið sköpunarfrelsi sínu.

## Ást á tækjum

Tækin sem þau notuðu til að skapa listaverkin sín voru smíðuð af Vasulka hjónunum sjálfum. Þau notuðu stóran hluta af heimili sínu fyrir þessu tæki. Sumir segja að Vasulka hjónin hafa fiktað með tól og tæki allt sitt líf.

## Og hvað bjuggu þau raunverulega til?


Vasulka hjónin hófu sitt sköpunarferli í upphafi tæknibyltingarinnar í listum, sem gerðu þau að brautryðjendum og goðsögnum rafrænna lista. Verkin þeirra fjalla um samband manna við tæknina, tengsl milli mynda og hljóðs, og þróun tölvutækninnar og vélfærafræði (robotics). Með því að nota fiðluna sína og margmiðlunar innsetningar býr Steina til nýjan miðil. Þau hafa búið til fjöldan allan af tilraunagerðum vídeóverkum saman.



## Hvað er vídeó filter?

Þú hefur örugglega séð vídeó filter áður. Hann er venjulega notaður til að gefa upprunalegu vídeó ákveðið útlit sem ekki er hægt að ná með venjulegri myndavél eða öðru tæki.

Hefur þú einhverja hugmynd um hvenær slík vídeó klipping er almennt notuð? Til dæmis eru slík vídeó eða myndir mjög algeng á samfélagsmiðlum. En það má alveg staldra við og leiða hugann að því afhverju við notum svona filtera á þessum vettvangi. Reyndu að ímynda þér hvernig hægt væri að nota svona filtera á mjög skapandi hátt.




Heldur þú að þú gætir fundið filter til að lýsa ilmi í vídeó til dæmis? Þú ættir að prófa það.

Reyndu að taka mynd eða vídeóupptöku á símann þinn einhvern tímann. Einn daginn gætir þú eingöngu tekið myndir af því sem er hvítt, næsta dag af því sem er gagnsætt, og daginn eftir af því sem er fyrir aftan þig.

Við erum með alvöru áskorun fyrir þig - reyndu að gera tilraunir með útlit mynda án þess að nota filtera sem eru á símanum þínum. Hljómar vissulega furðulega, við vitum. En þú getur búið til svoleiðis útlit með eigin tækni :) Þú getur náð áhugaverðri útkomu með því að mynda í gegnum mismunandi efni eða einfaldlega með því að hreyfa myndavélina hratt. Og hvað gæti verið þemað í tilrauna videoinu þínu?

## LIGHT REVISITED / LJÓSIÐ ENDURSKOÐAÐ\*



Innsetning LIGHT REVISITED – NOISEFIELDS (1974, 2002), ljósmynd: Miloš Strnad

Deildu verkunum þínum á netinu og taggaðu #listasafnarnesinga